

M-101/2016. Álit 14. júlí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. júlí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-101/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 30. nóvember 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á notaðri bifreið hjá Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir þjónustu seljanda ábótavant og krefst úrbóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. desember 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 22. desember 2016. Hinn 29. desember 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum þann 1. janúar 2017. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 3. júlí 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Mercedes Benz ML500, árgerð 2006, þann 1. október 2013 fyrir 4.050.000 krónur og var hún ekin 82.081 km. við kaupin. Við skoðun á bifreiðinni, áður en hann ákvað að festa kaup á henni, segist álitsbeiðandi hafa orðið var við að srs ljós logaði og svokallaður keyless go skynjari virkaði ekki hægra megin að framan, en hann á að virka þannig að aðeins þurfi að snerta hurðarhandfang til að bifreiðin opnist. Álitsbeiðandi kveðst því hafa farið með bifreiðina í aflestur til seljanda þann 30. september 2013, degi fyrir kaupin, til að láta athuga þessi atriði nánar. Þar fékk hann þær upplýsingar að skipta þurfi um sætismottu, þ.e. skynjara í hægra sæti, sem valdi srs ljósinu og einnig þurfi að skipta um handfang þar sem keyless go handfangið hægra megin sé bilað. Álitsbeiðandi kveðst eftir þessa niðurstöðu hafa ákveðið að kaupa bifreiðina.

Eftir að hafa skoðað þjónustusögu bílsins varð álitsbeiðanda ljóst að fyrri eigandi hafi látið seljanda skipta um sætismottuna hægra megin þann 14. september 2010. Samkvæmt upplýsingum frá fyrri eiganda kom srs ljósið aftur fljótlega eftir þá viðgerð. Þá sýni þjónustusagan að það sé búið að skipta a.m.k. 7-8 sinnum um keyless go handföng á fyrstu 6-7 árum bifreiðarinnar. Þá hafi verið skipt um mælaborð eftir 17.063 km. akstur sem ekki geti talist eðlilegt.

Álitsbeiðandi hafði þá samband við seljanda og spurði hvort þeim myndist þessar síendurteknu viðgerðir samkvæmt þjónustubókinni eðlilegar, sem þeim fannst ekki. Krafðist álitsbeiðandi þess að seljandi færi með málið til framleiðanda bifreiðarinnar en því var hafnað þar sem til staðar yrði að vera ítarleg greining á gögnum frá þeirra verkstæði. Álitsbeiðandi kveðst hafa skilið svarið þannig að þeir ættu þessi gögn og spurði hvort ekki væri hægt að senda bréf um það. Ekkert svar hafi hins vegar borist frá seljanda.

Álitsbeiðanda þykir með ólíkindum að sömu hlutir bili ítrekað án þess að leitað sé að ástæðunni fyrir biluninni og endingartími sætismottunnar sé undarlegur. Veltir álitsbeiðandi

fyrir sér hvort rétt hafi verið staðið að viðgerð og krefst þess að gert verði við umrædd atriði á kostnað seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að bifreiðin hafi verið seld með tveggja ára ábyrgð árið 2006 og sé því ekki í ábyrgð. Ef vandamál komi upp eftir lok ábyrgðartíma sé mögulegt að sækja um góðvild framleiðanda og er þá hvert mál tekið fyrir og skoðað af ábyrgðardeild framleiðanda. Þá beri einnig öll vinna og allir varahlutir hjá seljanda tveggja ára ábyrgð en sá tími hafi verið liðinn þegar fyrirspurn álitsbeiðanda hafi borist.

Þá greinir seljandi frá því að hann sé viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Mercedes Benz og bilanagreining hjá honum sé fyrsta skrefið til að fá framleiðanda til að taka mál sérstaklega fyrir. Ekki hafi verið hægt að senda beiðni um greinargerð til framleiðanda þar sem eina skoðun bifvélavirkja seljanda hafi verið aflestur sem skeri ekki með nokkru móti úr um aðrar mögulegar ástæður bilana.

Seljandi hafnar að greiða fyrir viðgerð á bílnum enda eigi umkvörtun sér stað eftir að ábyrgðartíma viðgerðar og varahluta sé liðinn.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda vegna andsvara seljanda tekur hann fram að sjá megi af svörum hans að engin bilanagreining hafi farið fram hjá seljanda, líkt og hann hafi haldið, heldur einungis aflestur. Telur álitsbeiðandi þetta ekki vera fagleg vinnubrögð og vill fá álit verksmiðjunnar hvort svo sé. Þessi kostnaður hlaupi á hundruðum þúsunda sem hefði mátt komast hjá.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Álitsbeiðandi virðist byggja á því að seljanda beri að bæta úr galla á bifreiðinni vegna sætismottu og skynjara í handfangi þar sem viðgerð hafi verið ábótavant árið 2010, þremur árum áður en hann festi kaup á bílnum og rúmlega sex árum eftir að viðgerð fór fram. Af gögnum málsins má sjá að ítrekað hefur verið gert við bifreiðina vegna sætisskynjara og handfangs, en álitsbeiðandi og seljandi eru sammála um það að slík ending sé ekki eðlileg. Það verður hins vegar ekki séð að þann annmarka megi rekja til seljanda og liggur ekki fyrir að viðgerð seljanda hafi verið ábótavant að neinu marki.

Allar viðgerðir áttu sér stað áður en álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni og lágu fyrir í þjónustubók við sölu. Þá liggur fyrir að seljandi staðfesti að laga þurfi umrædd atriði áður en álitsbeiðandi ákvað að festa kaup á bifreiðinni. Sú þjónusta seljanda sem álitsbeiðandi keypti af seljanda fyrir kaupin, um að lesa á tölvu bifreiðarinnar til að athuga hvers vegna ljós væri í mælaborði, var því fullnægjandi að áliti kærunevndarinnar. Ekki liggur fyrir að álitsbeiðandi hafi keypt aðra þjónustu af seljanda.

Að sögn álitsbeiðanda kom srs ljósið aftur fljótlega eftir viðgerð hjá fyrri eiganda en það er ekki sannað í málinu. Þá hefur fyrri eigandi ekki gert kröfur á hendur seljanda, en honum hefði borið að tilkynna honum um galla á þjónustu seljanda þegar honum varð gallinn ljós og innan tveggja ára samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Af öllu framangreindu telur kærunefndin að seljanda beri ekki að bæta úr gallanum á eigin kostnað.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson